



SÁLFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC PSYCHOLOGICAL ASSOCIATION

Sálfræðiping 2024 verður haldið dagana 6., 7. og 8. mars

í samvinnu SÍ, Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík

Auglýst er eftir efni fyrir málstofur, vinnustofur, fyrirlestra og veggspjöld

SKILAFRESTUR ER TIL 1. febrúar 2024

Sálfræðipingið er fræðileg ráðstefna fagfólks

Öllum er heimilt að bjóða efni til kynningar á þinginu, svo fremi sem það lýtur að sálfræði og stenst fræðilegar kröfur. Ekki er gerður greinarmunur á fræðilegu og hagnýtu efni en allir fyrirlestrar og veggspjöld eiga að standast fræðilega skoðun.

Á þinginu verður einungis um frumflutning erinda á íslensku að ræða. Ef erindi hefur áður verið flutt hér á landi útilokar það flutning á þinginu. Ef erindi hefur einungis verið flutt erlendis má sækja um að flytja það á þinginu.

Miðvikudagskvöldið 6. mars

fer fram sá hluti þingsins sem opinn er almenningi en þá verður boðið upp á fræðsluerindi um sálfræðileg málefni.

Um fræðslu- og námskeiðadaginn fimmtudaginn 7. mars:

Fræðslu- og námskeiðadagurinn er helgaður fræðslu, námskeiðum og kynningum. Skipuleggjendur hafa frjálssar hendur um tímalengd, fyrirkomulag, staðsetningu og þátttökugjöld.

Sálfræðingar eru hvattir til að bjóða upp á fræðslufyrirlestra, námskeið, kynningar og málstofur á vinnustöðum sínum eða í húsnæði SÍ / BHM.

Kallað er eftir efni fyrir fræðslu- og námskeiðadag þingsins:

Stutt námskeið, fyrirlestrar og kynningar um hagnýtt efni af sálfræðilegum toga.

Í ágripi skulu koma fram upplýsingar um höfundu / umsjónaraðila, umfjöllunarefni og fyrirkomulag. Ágrip skal vera að hámarki 150 orð.

Heiðursverðlaun SÍ

verða veitt í áttunda sinn á þinginu. Skorað er á félagsmenn að senda inn tilnefningar um sálfræðinga sem eiga skilið virðingavott fyrir störf sín, hafa innleitt nýjungar og/eða þróað verkefni í þágu sálfræðinnar, hafa skarað fram úr og verið öðrum fyrirmynd í starfi. Sálfræðingarnir skulu vera félagsmenn í SÍ. Í tilnefningu skal koma fram nafn viðkomandi og góður rökstuðningur.

Um ráðstefnudaginn föstudaginn 8. mars:

Ráðstefnan fer fram á Hilton Reykjavík Nordica og stendur frá kl. 8:30-17:00. Á ráðstefnunni fara fram þematengdar málstofur og vinnustofur sem og kynning erinda og veggspjalda.

Kallað er eftir efni til kynningar á ráðstefnudeginum:

A. Ágrip vegna málstofa / vinnustofa / erinda: Ágrip skal vera að hámarki 250 orð. Greina skal frá efni, fræðilegu samhengi, rökstuðningi, aðferð og niðurstöðum eftir því sem við á. **Erindi skal taka 15 mínútur í flutningi með 5 mínútna umræðu í kjölfarið. Þematengdar málstofur standa í 1 1/2 klst.**

B. Ágrip vegna veggspjalda: Ágrip skal vera að hámarki 250 orð. Í ágripi skal greina frá umfjöllunarefni, fræðilegu samhengi, rökstuðningi, aðferð og niðurstöðum.

Við lok ráðstefnudagsins fögnum við sjálfum okkur og öðrum - nánar síðar!

Ágrip og hugmyndir að efni skal senda inn [hér](#) fyrir 1. febrúar. Tilnefningar til heiðursverðlauna skal senda á arsthing@sal.is fyrir 1. febrúar.